

„VIÐ SEM UPPALENDUR OG SAMFÉLAG STÖNDUM ÁVALLT FRAMMI FYRIR ÞEIRRI SPURNINGU HVAÐA VEGANESTI KOMI ÆSKUNNI BEST“

VIÐTAL VIÐ

SIGRÚNU AÐALBJARNARDÓTTUR



Mynd: Þórólfur Rúnar Þórólfsson

*Sigrún Aðalbjarnardóttir er prófessor emeritus í uppeldis- og menntunarfræði við Mennta-
vísindasvið Háskóla Íslands (frá 1. ágúst 2019). Hún lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla
Íslands árið 1969 og stúdentsprófi frá sama skóla ári síðar. Hún lauk B.A.-prófi í uppeldis-
fræði frá Háskóla Íslands 1983 og meistaraþrófi 1984 og doktorsprófi 1988 frá Harvard-
háskóla í Bandaríkjunum. Sigrún hefur kennt við Háskóla Íslands síðan 1988. Kennsla
hennar hefur aðallega verið á sviði þroskasálfræði, áhættuhegðunar og seiglu ungs fólks
auk borgaravitundar þess í lýðræðisþjóðfélagi.*

*Rannsóknir Sigrúnar beinast að margvíslegum þroska barna og ungmenna, líðan
þeirra, námsgengi og áhættuhegðun. Jafnframt beinast þær að því hvernig hlúa megi að
þroska og velferð barna og ungmenna heima og heiman. Sigrún hefur staðið að þessum
rannsóknum með samstarfsfólki sínu hér á landi á rannsóknastofunni Lífshættir barna og
ungmenna. Einnig hefur hún unnið með fræðimönnum bæði við Harvardháskóla, Grad-
uate School of Education (HGSE) og í evrópska netsamvinnuverkefninu Children's Identity
and Citizenship in Europe (CiCe).*

*Sigrún hefur verið afar afkastamikill fræðimaður og birt fjölda ritrýndra greina bæði
hérlandis og erlendis. Þá hefur hún skrifað nokkrar bækur, þar á meðal bækurnar Lífs-
sögur ungs fólks: Samskipti, áhættuhegðun, styrkleikar (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019)
og Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007).*

*Sigrún hefur hlotið viðurkenningar fyrir störf sín, meðal annars frá Háskóla Íslands
fyrir „lofsvert framlag til rannsókna“ og frá Saman-hópnum fyrir „vel unnin fræðistörf og
gagnlegar rannsóknir í þágu foreldra og barna“. Auk þess hlaut hún riddarakross hinnar
íslensku fálkaorðu „fyrir störf í þágu uppeldisvísinda og menntunar“.*

Í tilefni þess að dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir lét formlega af störfum við Háskóla Íslands síðastliðið sumar settumst við niður til að ræða lífsgöngu hennar. Hún var beðin um að segja frá bakgrunni sínum, skólagöngu, starfsferli og rannsóknum og því sem henni er efst í huga á sviði uppeldis og menntunar.

„Ég tel mig lánsama í lífinu að hafa fengið tækifæri til að vinna að viðfangsefnum sem ég brenn fyrir á sviði uppeldis- og menntamála,“ segir Sigrún og bætir við: „Þegar ég lít til baka sé ég þræði sem ganga í gegnum lífssögu mína og vefast saman. Vefurinn sýnir mikilvægi samskipta og þess að efla samskiptahæfni, tilfinningaþroska og siðferðiskennd barna og ungmenna og styrkja sjálfsmynd þeirra. Sá þroski leggur meðal annars mikilvægan grunn að borgaravitund þeirra í lýðræðislegu fjölmenningsarsamfélagi.“

En hvað gerði það að verkum að hún fékk þennan mikla áhuga á uppeldi og menntun? Við byrjum á bakgrunni hennar.

Ólst upp við áherslu á mikilvægi menntunar

Ég er fædd á Hvammstanga í Húnaþingi vestra árið 1949. Móðir mín er Guðrún Benediktsdóttir frá Efra-Núpi í Núpsdal og faðir minn Aðalbjörn Benediktsson frá Aðalbóli í Austurárdal, en þessir dalir ganga inn af Miðfirði. Við bjuggum á Laugarbakka, litlu þorpi við Miðfjarðarárbrúna, frá því að ég var sjö ára og fram á unglingsár mín og þar man ég fyrst vel eftir mér. Þar var barnaskóli. Foreldrar mínir byggðu síðan nýbýli í Miðfirði sem heitir Grundarás og við fluttum þangað þegar ég var á unglingsárum. Faðir minn var héraðsráðunautur í sýslunni og móðir mín kenndi grunnskólabörnum af og til. Hún var varþingmaður um skeið og sat á Alþingi. Þau voru jafnframt með fjárbú og hesta. Ég tók þátt í sveitastörfunum, fjárragi af ýmsu tagi, ræktun túna og heyskap. Við erum þrjár systurnar á svipuðum aldri og teljum okkur heppnar að hafa fengið tækifæri til að sinna þessum hefðbundnu karlastörfum.

Á heimili okkar var mikil umræða um samfélagsmál, meðal annars hvað þyrfti að gera til að skapa réttlátara samfélag. Foreldrar mínir voru mjög pólitískir og oft voru umræður heitar og skemmtilegar þegar gesti bar að garði, en heima var gestkvæmt. Þær raddir voru háværar sem lutu að jöfnum rétti fólks til lífsins gæða og gjarnan var tekin afstaða með þeim sem þóttu minni máttar á lands- og heimsvísu. Menntamál brunnu meðal annars á foreldrum mínum. Ýmis gildi sem ég hef að leiðarljósi í lífinu eru örugglega sprottin úr þessum jarðvegi.

Ég ólst upp við þá hugsun að mikilvægt væri að ganga menntavegin. Faðir minn var í fyrsta hópnunum sem lauk búfræðikandídatnámi frá Hvanneyri í Borgarfirði og móður mína langaði allt frá æsku til að sækja framhaldsskóla. Ég á skemmtilega minningu um þau áhrif á mig; ég ákvað 12 ára gömul að verða stúdent. Móðir mín lét draum sinn loks rætast með því að ljúka stúdentsprófi og kennaraprófi eftir að við dætur hennar höfðum tekið slík próf og gerst grunnskólakennarar.

Viðhorfin heima til barna

Ég ólst upp við virðingu og umhyggju fyrir börnum. Foreldrar mínir sýndu nærgætni í samskiptum og orðaskiptum við okkur systurnar. Við höfðum mikið frjálsræði en fundum um

leið að þau treystu okkur. Þau fólu okkur jafnframt ábyrgð bæði á náminu og í sveitastörfunum. Ekki var mikið talað um tilfinningar en við skynjuðum alltaf væntumþykju þeirra og umhyggju. Virðing og umhyggja fyrir börnum kom jafnframt fram hjá móður minni í þeirri alúð sem hún sýndi þeim í kennslustörfum sínum.

Þessi virðing fyrir börnum og ungmennum kom einnig skýrt fram hjá föðurömmu minni, Ólöfu Sigfúsdóttur á Aðalbóli, en ég var oft hjá henni á sumrin fram á unglingsár og þar voru fleiri börn í sveit. Hún hafði mjög gott lag á börnum og fékk okkur til að vinna með glöðu geði. Hún skipaði ekki fyrir heldur hafði okkur með í ráðum. Hún treysti okkur til verka og ég á mörg dæmi um að hún ýtti mér út fyrir þægindarammann með óbilandi trú sinni á að mér tækist vel til. Við ömmustelpurnar fundum hvað henni þótti vænt um okkur og þótti mikið til okkar koma. Þegar ég lít til baka tel ég að þessi gildi sem ég ólst upp við allt frá bernsku hafi fylgt mér á lífsleiðinni og þau birst í almennum lífsviðhorfum mínum og starfsvali.

Skólaganga

Formleg skólaganga mín var ekki löng fram á unglingsaldur. Þegar ég lauk fullnaðarprófi 12 ára hafði ég aðeins verið rúma átta mánuði formlega í skóla en að sjálfsögðu lærði ég heima utan þessarar skólavistar. Ég má til með að nefna að móðir mín kenndi í farskóla í Hrutafirði þegar ég var 11 ára. Skólahaldið var á sveitabæjunum til skiptis og við gistum öll þar, sem var sérstök reynsla á þeim tíma. Ég var síðan ekki í skóla 13 ára gömul en fór 14 ára gömul í 2. bekk í Reykjaskóla, sem var heimavistarskóli. Þar lauk ég landsprófi ári síðar og fór í Kennaraskólann þá um haustið 1965, rétt orðin 16 ára.

Það voru aðallega tvær ástæður fyrir því að ég kaus að fara í Kennaraskólann í stað þess að fara í Menntaskólann á Akureyri eða á Laugarvatni eins og ég átti kost á. Eftir fjögur ár í Kennaraskólanum yrði ég komin með tiltekin réttindi, kennsluréttindi, en ekki ef ég færi í menntaskóla. Hægt var jafnframt að bæta við sig einu ári eftir kennaranámið til að verða stúdent og loka þannig ekki leiðinni ef ég hefði hug á að fara í háskólanám. Ég vissi auðvitað ekki fyrir fram hvort kennsla ætti við mig. Hin ástæðan, sem réð ekki síður ákvörðuninni um að fara í Kennaraskólann, var sú að mig langaði mikið til þess að vera í Reykjavík; það hlyti að vera mjög skemmtilegt!

Í Kennaraskólanum höfðu ýmsir kennarar mikil áhrif á mig, eins og Loftur Guttormsson sem kenndi félagsfræði og sagnfræði og Andri Ísaksson sem kenndi sálfræði. Ég nefni þá sérstaklega þar sem þeir áttu eftir að hafa áhrif á starfsferil minn. Kennaraprófinu lauk ég vorið 1969 og stúdentsprófi ári síðar.

Grunnskólakennsla og námsefnisgerð

Ég hóf kennslu haustið 1970 í Breiðholtsskóla, sem var nýr og fjölmennur grunnskóli. Þar voru margir ungir og áhugasamir kennarar og aðrir reyndir og framsæknir sem ég lærði af. Fljótt kom í ljós að ég naut þess að starfa með nemendum mínum, vinna traust þeirra og finna leiðir til að efla áhuga þeirra, þekkingu og skilning á efninu. Þessi tími með þeim er mér ógleymanlegur. Ég upplifði mikla ábyrgðarkennd og smám saman varð ljóst að vel-ferð barna og unglinga átti hug minn allan.

Ég kenndi við Breiðholtsskóla í sex ár en sumarið 1976 fluttum við fjölskyldan til Vestmannaeyja þar sem eiginmaður minn, Þórólfur Ólafsson, hóf starfsferil sinn sem tannlæknir. Ég kenndi þar einn vetur við Hamarsskóla. Þarna áður, árið 1972, höfðu þeir Andri, sem þá var deildarstjóri skólarannsóknardeildar menntamálaráðuneytisins, og Loftur, sem var við Kennaraháskólann, boðið mér að fara til Svíþjóðar í hópi kennara til að kynna námskrargerð og kennslu þar í samfélagsfræði. Ég tók því boði þar sem ég hafði mikinn áhuga á samfélagsgreinum. Á þessum tíma stóð menntamálaráðuneytið að mikilli endurskoðun námskrár og námsefnisgerðar í hinum ýmsum greinum. Feikileg gróska var í menntamálum í tíð Gylfa Þ. Gíslasonar menntamálaráðherra (1956–1971) og var einn þáttur hennar þessi endurskoðun námskrár og námsefnis.

Í framhaldi af þessu, frá 1973 til ársins 1985, var ég þátttakandi í hópi fólks á vegum skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins sem hafði það hlutverk að vinna að gerð námskrár og námsefnis í samfélagsfræði. Dr. Wolfgang Edelstein, þáverandi ráðgjafi menntamálaráðuneytisins og jafnframt einn forstjóra Max Planck-stofnunarinnar í Berlín, stýrði starfi samfélagsfræðihópsins frá árinu 1974. Hann hafði alist upp á Íslandi og þekkti vel til. Þetta var mikill skóli. Wolfgang opnaði mér nýjan heim hugsjóna um eflingu upplendis og menntunar í landinu. Í námsefninu *Komdu í leit um bæ og sveit* (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1977a, 1977b), sem ég tók að mér að semja fyrir átta ára börn, er meðal annars fjallað um líðan barna í skóla, samvinnu þeirra og þau hvött til að setja sig hvert í annars spor við ýmsar aðstæður og huga að því hvað sé sanngjarnt og rétt eða röng breytni. Þetta voru þættir sem mér fannst sérstaklega þarft að fást við og byggði þar á reynslu minni sem kennari og í raun á áhuga mínum á samskiptum fólks sem ég hafði haft frá því í æsku. Samhliða vaknaði áhugi minn á mismunandi þroska barna í glímunni við margvísleg viðfangsefni, þar á meðal samskipti og ýmis félagsleg og siðferðileg efni.

Við höfundar námsefnisins kenndum sjálfir námsefnið sem við sömdu og héldum jafnframt sumarnámskeið fyrir starfandi kennara víða um land. Þar að auki vann ég yfir skólaárið með kennurum sem tilraunakenndu námsefnið sem ég bar ábyrgð á. Þetta samstarf fór fram bæði sunnan og norðan heiða. Í þessu starfi tileinkuðum við okkur umræðu-aðferðir og sérstaka spurningatækni sem hefur fylgt mér allar götur síðan.

Við fórum þrjú úr hópnum í lærdómsríka ferð til Berkeleyháskóla í Kaliforníu haustið 1974 til að kynna okkur námsefnisgerð í samfélagsfræðum og daglegt skólustarf á San Francisco-svæðinu. Spurningaaðferðir í kennslu sem þar voru notaðar opnuðu okkur nýjar dyr að hugsun barna og unglinga og um leið því hvernig efla mætti þroska þeirra. Mér fannst ég hafa himin höndum tekið með því að fá þetta tæki í hendur. Það hefur reynst mér ómissandi allar götur síðan við að kynnast heillandi hugarheimi barna, unglinga og ungs fólks, sem móðir og amma, kennari og rannsakandi.

Það var einstök reynsla, bæði persónulega og faglega, að taka þátt í gerð þessa námsefnis og fylgja því eftir út í skólana með félögum mínum undir stjórn þeirra Wolfgangs og Lofts. Við deildum hugsjón. Ég var ung og bjartsýn og hélt að við gætum breytt skólakerfinu til hins betra á skömmum tíma. Reyndin varð auðvitað ekki sú. Skólakerfi breytast hægt.

Nám við Háskóla Íslands og Harvardháskóla í Bandaríkjunum

Mér þótti afar gaman og gefandi að vinna sem kennari með börnum og gat ekki hugsað mér að hætta því en mig langaði samhliða kennslu að fara í háskólanám og fá þannig sterkari fræðilegan grunn. Ég var byrjuð að sækja námskeið við Háskóla Íslands þegar þeir Andri og Loftur höfðu samband við mig sumarið 1972 en hætti við þegar ég tók að mér námsefnisgerðina með kennslunni.

Þegar við Þórólfur fluttum með synina okkar tvo til Reykjavíkur frá Vestmannaeyjum haustið 1979 ákvað ég að kíkja á námið í uppeldisfræði við Háskóla Íslands í eitt ár. Í náminu fékk ég tækifæri til að kynna mér ýmsar fræðikenningar sem ég tengdi við reynslu mína sem kennari og námsefnishöfundur. Við það varð mér námið afar merkingarbært og mér fannst spennandi að halda áfram. Því lauk með B.A.-prófi í uppeldisfræði vorið 1983. Í því ferli fór mig að langa til að öðlast meiri þekkingu á sviði félags-, tilfinninga- og siðferðisþroska barna og ungmenna. Við Harvardháskóla, Graduate School of Education, voru þekktir fræðimenn á því sviði og fór ég þangað í meistaranám. Ég ætlaði aðeins að vera þar í eitt ár og lauk meistaraáráðu vorið 1984.

Óhætt er að segja að ég blómstraði í háskólanámi bæði hér heima og úti og í samráði við Þórólf sótti ég um doktorsnám við Harvard. Við ákváðum að sjá svo til. Fjölskyldu-aðstæður voru þannig að ljóst var að feðgarnir yrðu heima ef svo kynni að fara að ég kæmist inn í doktorsnámið. Þegar leið að því að ég fengi svar frá skólanum um vorið hafði ég ákveðið að halda ekki áfram námi þótt ég kæmist inn; ég treysti mér ekki til þess af fjölskylduástandum. Málið vandaðist þó þegar ljóst var að umsókn mín hafði verið samþykkt og jafnframt valin sem sterkasta umsóknin í deildina sem ég sótti um. Því fylgdi jafnframt skólasterkur. Ýmsir lögðust á eitt um að ég tæki þessu boði; ég gæti ekki hafnað slíkri viðurkenningu, en þetta var mjög erfið ákvörðun. Við fjölskyldan unnum síðan farsællega úr þessum aðstæðum og erum þakklát því fólki bæði hér heima og ytra sem aðstoðaði okkur við að láta hlutina ganga upp.

Í doktorsnáminu var ég í tveimur rannsóknarhópum sem leiðbeinendur mínir stýrðu, þeir Robert L. Selman prófessor og Lawrence Kohlberg prófessor. Kohlberg lést árið 1987, aðeins sextugur. Hann var heimsþekkur fyrir kenningar sínar um siðferðiskennd og varð fólki víða um veröld mikill harmdauði.

Kohlberg bauð mér að nota rannsóknargögn sín í doktorsverkefnið mitt en ég vildi standa að íslenskri rannsókn. Það kom ekki annað til greina hjá mér en að safna gögnum heima á Íslandi. Lítið var um íslenskar rannsóknir og mig langaði til að leggja mitt af mörkum þar. Sem grunnskólakennara og námsefnishöfundur fannst mér brýnt að viðfangsefnið tengdist skólasterfi. Doktorsverkefnið mitt fólst í að kanna hvernig félagsþroski og samskiptahæfni grunnskólanemenda á aldrinum sjö til tólf ára eykst með tilliti til þess hvernig þeir leysa ágreiningsmál í skólasterfi, annars vegar við bekkjarfélaga og hins vegar við kennara. Jafnframt var ég staðráðin í að rannsaka hvort og þá hvernig efla mætti félagsþroska og samskiptahæfni nemenda með markvissu starfi í skólum. Reyndar langaði mig til að fást við það í doktorsverkefninu en réttilega réðu leiðbeinendur mínir mér frá því; verkefnið yrði allt of viðamikill.

Að loknu doktorsnámi vorið 1988 bauðst mér að halda áfram að vinna þar ytra í rannsóknarhópi Selmans en það kom aldrei til álita af minni hálfu. Við fjölskyldan vildum búa á

Íslandi og mig langaði til að starfa þar. Aftur á móti hef ég alla tíð síðan verið í rannsóknar-samstarfi við Selman og rannsóknarhóp hans sem hefur verið afskaplega mikilvægt og gefandi. Ég hef ávallt dvalið þar ytra við Harvard á rannsóknarmisserum mínum og notið þess sem akademían þar hefur upp á að bjóða. Auk þess á ég þar góða vini frá því á náms-árunum. Einnig hefur verið lærdómsríkt að taka þátt í evrópska netsamvinnuverkefninu *Children's Identity and Citizenship in Europe* (CiCe) sem um 30 lönd í Evrópu taka þátt í. Þar beinum við athyglinni að borgaravitund ungs fólks og því hvernig megi efla hana.

Ég hóf kennslu við Háskóla Íslands árið 1988 í uppeldis- og menntunarfræði við Félagsvísindadeild. Við sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskólans varð til Mennta-vísindasvið og árið 2009 varð uppeldis- og menntunarfræðin hluti þess sviðs. Ég hef því verið við kennslu og rannsóknir og ýmis stjórnunarstörf við Háskóla Íslands í 30 ár. Þetta hefur verið einstaklega lærdómsríkur og góður tími, bæði samvinnan við nemendur mína og starfsfélaga innan greinarinnar uppeldis- og menntunarfræði og eins við annað samstarfsfólk á öðrum sviðum Háskólans.

Við erum öll uppalendur

Þegar við ræðum uppeldi og menntun æskunnar þurfum við að muna að við erum öll uppalendur, hvert okkar á sinn hátt: sem foreldrar, ömmur og afar, frænkur og frændur. Þá teljast fjölmargir til sérstakra fagstétta sem hlúa að heilbrigði og velferð barna og ungmennta. Verkefnið er sameiginlegt og því fylgir mikil ábyrgð. Og við sem uppalendur og samfélag verðum ávallt að svara þeirri spurningu hvaða veganesti komi æskunni best, bæði í samtíð og þegar til framtíðar er litið. Hvernig getum við styrkt börnin og eftir þau sem manneskjur og virka samfélagsborgara? Spurningin er krefjandi. Við höfum ekki einhlít svör á reiðum höndum þar sem framtíðin er um margt óræð. Meðal annars eru tækni-breytingar svo örar að því er spáð að mikill meirihluti barna í dag muni sinna störfum eftir aðeins 20 til 30 ár sem ekki eru til núna. Breytt starfsumhverfi mun að sjálfsögðu hafa í för með sér ýmsar samfélagsbreytingar. Ljóst er að við verðum einnig að glíma við ýmsar aðrar áskoranir, og þá ekki síst þær sem tengjast loftslagsbreytingum. Það er virkilega ánægjulegt að sjá að ungmenni um allan heim láta vel í sér heyra um þau mál. Þau senda ákall um aðgerðir og ýta þannig undir almenna vitundarvakningu.

Brýnt er að hlúa að mannlegri hæfni

Í þessari óvissu um hvaða veganesti komi æskunni best er mikilvægt að spyrja sig: Hvað er það sem breytist ekki svo glatt þegar við horfum til framtíðar? Hvers konar hæfni er það sem við vitum að skiptir máli fyrir velferð barna og ungmenna í samtíð og framtíð? Sem betur fer vitum við ýmislegt. Ég nefni fyrst tungumálið. Tungumálið er að sjálfsögðu lykill að þekkingu og skilningi á fólki, náttúru og tækni. Við vitum að tungumálið, íslenskan, er okkur mikilvægt og tungumálakunnátta almennt. Og tungumálið er lykill að samskiptum við aðra. Við þurfum því að vinna með tungumálið.

Við vitum líka að hæfni í samskiptum, samskiptahæfni, skiptir máli þegar kemur að því hvernig við tökumst á við lífið. Við munum í framtíðinni, eins og í dag, vera stöðugt í samskiptum við annað fólk, í einkalífi okkar og á starfsvettvangi sem gerir sífellt meiri kröfur um samvinnuhæfni og góðan starfsanda, eins og við þekkjum. Og samskiptahæfni

er mikilvæg fyrir okkur sem virka borgara þegar við þurfum að fást við ýmis málefni samfélagsins og heimsmálin. Við þurfum að vinna með og hlúa að samskiptahæfni barna og ungmenna.

Við vitum líka að góð líðan barna og ungmenna ræður miklu um hvernig þeim vegnar. Eins og við þekkjum hafa komið fram ýmis merki þess að þau séu kvíðnari um þessar mundir en fyrir nokkrum árum. Við þurfum að reyna að finna leiðir til að bæta líðan þeirra. Við vitum einnig að jákvæð sjálfsmynd, þar á meðal sjálfstraust og sjálfstjórn barna og ungmenna og fólks almennt, er gott veganesti út í lífið. Og við vitum einnig að í samtíð og framtíð er mikilvægt að búa yfir skapandi hugsun og hæfni til nýsköpunar og framtakssemi. Sömuleiðis er gagnrýnin hugsun nauðsynleg, að geta vegið og metið hlutina og tekið sjálfstæða afstöðu og frumkvæði.

Í stuttu máli er ég að tala um hve brýnt er að hlúa að mannlegri hæfni, rækta mennskuna og mannkosti, það sem gerir okkur, konur og karla, að mönnum, og láta ekki tækni í framtíðinni ná yfirhöndinni.

Þetta er engan veginn tæmandi listi en þetta eru þættir sem eru mér mjög hugstæðir og ég hef lagt áherslu á að skoða og vinna með í störfum mínum.

Mér finnst afar jákvætt að víða í heiminum á þessari öld er samhljómur um mikilvægi þessara þátta í uppeldis- og menntastefnum, meðal annars hér á landi. Í stefnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins eru settir fram sex grunnþættir í menntun fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Sveitarfélög hafa jafnframt hafist handa við setja fram sína stefnu í þessum anda. Sem dæmi má nefna menntastefnu Reykjavíkur. Þar er lögð áhersla á félagsfærni; ég nota gjarnan hugtakið samskiptahæfni yfir þann þátt. Jafnframt er þar lögð áhersla á sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði í öllu skóla- og frístundastarfi. Ég er afskaplega ánægð yfir þeim mikla hug sem ríkir um að vinna markvisst að þessum þáttum.

Grundvallarhæfni í mannlegum samskiptum

Sterkur þráður í störfum mínum allar götur síðan ég byrjaði að vinna með skólabörnum hefur verið mikilvægi þess að efla hæfni þeirra í samskiptum. Með hugtakinu samskiptahæfni á ég við þá hæfni að geta sett sig í spor annarra með því að huga að hugsunum, tilfinningum og hegðun þeirra. Þessi hæfni felur í sér að geta greint á milli mismunandi sjónarmiða, en þó ekki aðeins það heldur einnig hæfni til að samhæfa þau. Og hún þroskast með börnum og unglíngum. Sem dæmi má taka þegar þau leysa ágreiningsmál frá því að hafa yfirleitt aðeins sjónarmið annars aðilans í huga við lausnina og allt til þess að geta samhæft sjónarmið þeirra. Þetta er grundvallarhæfni í samskiptum fólks, hvort sem við erum börn, unglíngar eða fullorðin.

Samskiptahæfni er jafnframt grundvallarhæfni ýmissa þroskaþátta og birtist því á marga vegu. Ég get nefnt nokkur dæmi: Hún birtist í samskiptafærni, til dæmis hvernig við vinnum með öðrum og leysum ágreinings- og álitamál. Einnig í tilfinningaþroska okkar, eins og hvernig við sýnum samlíðan með öðrum. Jafnframt birtist hún í siðferðiskennd, eins og í hugmyndum okkar um rétta og ranga breytni og um réttlæti í samfélaginu, t.d. hvernig gæðum lífsins er skipt. Ég get nefnt fleiri dæmi: Þessi hæfni birtist í lesskilningi, hvernig við setjum okkur í spor sögupersóna. Einnig í fjölmenningshæfni, svo sem

skilningi á því hvernig það er að setjast að í nýju landi og jafnframt í borgaravitund okkar um rétt fólks, ábyrgð og skyldur.

Allir þessir þroskaþættir fléttast saman. Grunnþráður þeirra er hæfnin til að setja sig í spor annarra, að geta greint að mismunandi sjónarmið og samhæft þau. Ég nefni dæmi úr daglegu lífi: Við þurfum að kunna að eiga í samskiptum á netinu. Netnotkun krefst ekki aðeins tæknilegrar færni í að nota samfélagsmiðla heldur þurfum við að hafa skilning á og tilfinningu fyrir því hvernig koma skal fram við annað fólk; setja okkur í spor þess tilfinningalega og siðferðilega.

Samskiptahæfni ungmenna hefur áhrif á líðan þeirra, sjálfsmýnd og hegðun

Í langtímarannsókn sem ég stend að undir heitinu *Samskipti, áhættuhegðun og styrkleikar ungs fólks* kemur vel fram hvað samskiptahæfni ungmenna skiptir miklu máli fyrir annan þroska þeirra, líðan og hegðun. Þau 14 ára ungmenni sem sýndu meiri samskiptahæfni voru líklegri, ekki aðeins á þeim aldri heldur á næstu árum, til að hafa meira sjálfstraust og meiri trú á eigin sjálfstjórn en önnur ungmenni. Þau tjáðu einnig betri líðan og sýndu betri námsárangur á samræmdum prófum í 10. bekk. Jafnframt voru þau ólíklegri til að neyta áfengis í óhófi og til að reykja á næstu árum og við 22 ára aldur voru þau ólíklegri til að hafa prófað hörð fíkniefni eins og amfetamín og kókaín. Lítil vafi ætti að leika á því hve mikilvægt er að vinna markvisst að því að efla samskiptahæfni barna og ungmenna.

Að efla samskiptahæfni - þáttur foreldra og skólans

Mér finnst mikilvægt að huga ekki aðeins að því að kanna þroska, líðan og hegðun barna og ungmenna heldur einnig hvort og hvernig megi styrkja þau og efla á þessu sviði. Ég hef leitast við það í rannsóknum mínum. Góðu fréttirnar samkvæmt þeim eru þær að við getum þroskað samskiptahæfni barna og ungmenna bæði heima fyrir og í skólastarfi.

Eins og ég nefndi áðan var ég þegar farin að huga að því í doktorsnáminu að fara af stað með rannsókn þar sem ég kannaði hvort með tilteknum aðferðum í bekkjarstarfi mætti efla samskiptahæfni nemenda. Við heimkomuna fór ég af stað með slíkt skólaþróunarverkefni og hef kallað það *Hlúð að félags- og tilfinningaþroska nemenda*. Við kennarar og skólastjórnendur í nokkrum skólum unnum saman markvisst yfir skólaárið að því að efla samskiptahæfni nemendanna. Þar var áhersla lögð á samræður nemendanna um ýmis samskiptamál sem þeir unnu saman að og sýndu gjarnan í leik, mynd eða skrifum sínum.

Í örstuttu máli sýndu niðurstöður rannsóknarinnar, sem fram fór samhliða starfinu, að þessum nemendum fór meira fram í samskiptahæfni, bæði í hugsun um samskipti og hegðun í daglegu bekkjarstarfi, en nemendum í samanburðarhópi sem ekki fengu sérstaka umfjöllun á þessu sviði. Nemendurnir settu sig oftar í annarra spor; þeir tóku oftar til greina mismunandi sjónarmið í samskiptunum og samhæfðu þau meðal annars þegar þeir leystu ágreiningsmál við félaga sína og kennara. Hjá nemendum var dregið sérstaklega fram hvernig þeir skilgreindu vandann í ágreiningsmálinu, huguðu að líðan hlutaðeigandi og sanngirni; einnig ýmsum leiðum til að leysa vandann og í framhaldi af því hvaða leið þeir töldu vænlegasta. Þannig var komið inn á ýmsa þroskaþætti. Ég stóð að þessu skólaverkefni næstu árin í ýmsum skólum og skrifaði bókina *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar* (2007) sem byggist á þeirri reynslu.

Í langtímarannsókninni *Samskipti, áhættuhegðun og styrkleikar ungs fólks*, sem ég nefndi áðan, kemur einnig fram að þau 14 ára ungmenni sem upplifðu foreldra sína sem *leiðandi* í uppeldisaðferðum sínum voru líkleg til að sýna meiri samskiptahæfni á þeim aldri en önnur ungmenni. Og ekki aðeins við 14 ára aldur heldur einnig þremur árum síðar, þegar þau voru orðin 17 ára. Einkenni leiðandi uppeldisaðferða foreldra eru þau að foreldrarnir leggja áherslu á að ræða við börnin og leita eftir sjónarmiðum þeirra. Foreldrarnir viðurkenna þau á sínum eigin forsendum en setja þeim tiltekin mörk um tilhlýðilega hegðun og útskýra þau mörk fyrir þeim. Þeir veita þeim jafnframt mikla hlýju og stuðning. Í bókinni *Lífssögur ungs fólks: Samskipti, áhættuhegðun, styrkleikar* (2019) greini ég meðal annars frá þessum niðurstöðum.

Ræðum saman heima og heiman

Ég get ekki látið hjá líða að nefna í þessu samhengi eitt hugðarefna minna í áratugi, en það er mikilvægi samræðna við börn og ungmenni bæði heima fyrir og í skóla- og frístundastarfi. Heima fyrir í samskiptum og samræðum foreldra og barna augliti til auglitis þar sem hugsun barnanna er löðuð fram gerist svo margt í senn. Í samræðunni skapast nánd. Börnin finna að foreldrið – eða amman, afinn, frændinn eða frænkan veitir því athygli og hlustar á það. Traust myndast og ríkari öryggiskennd. Þetta þekkjum við og er svo mikilvægt. Börnin og ungmennin fá í samræðum tækifæri til að tjá sig, spá í hlutina og orða hugsun sína og auka um leið orðaforða sinn og frásagnarhæfni. Í samræðunni getum við ýtt undir að þau setji sig í spor annarra, sýni samlíðan með öðrum og skoði mál frá mismunandi hliðum. Við getum ýtt undir að þau læri að hlusta, rökstyðji mál sitt og hugsu sjálfstætt. Og við getum ýtt undir frumkvæði þeirra og skapandi hugsun. Þetta veganesti er svo brýnt fyrir þau út í lífið, bæði í einkalífi, á starfsvettvangi og sem virkir borgarar í lýðræðissamfélagi. Ekki má heldur gleyma því að það er einstaklega gaman að ræða við þau. Þau koma okkur sífellt á óvart með áhugaverðum og skemmtilegum vanga-veltum sínum.

Ég tek heilshugar undir með Sherry Turkle, prófessor við hinn virta háskóla MIT (Massachusetts Institute of Technology) í Boston. Hún brýnir fyrir fólki að huga sérstaklega að því í uppeldi og menntun barna og ungmenna að þau fái rík tækifæri til samræðna. Dregið hafi úr samræðum í samskiptum fólks augliti til auglitis með tilkomu skjátækni, það er snjallsíma og notkun samfélagsmiðla. Samræða sé hornsteinn samlíðanar fólks, hún sé hornsteinn uppeldis og menntunar, vinnustaða og lýðræðissamfélags þar sem margvísleg málefni eru rökrædd. Þessi áskorun Sherry Turkle kemur fram í bók hennar, *Reclaiming Conversation: The Power of Talk in a Digital Age* [Endurvekjum samræðuna: Máttur samtalsins á stafrænni öld] (Turkle, 2016).

Því miður virðumst við almennt séð ekki gefa börnum og ungmennum nægileg tækifæri til samræðna, hvorki heima fyrir né í skólastarfi. Það sýna rannsóknir, meðal annars Ingvars Sigurgeirssonar hér á landi. Mér finnst við því verða að taka okkur tak í þessu efni. Ungmennin vilja hafa rödd; þau vilja fá fleiri tækifæri til umræðna í skólastarfi og þau færa fyrir því margvísleg rök. Við samstarfsfólk mitt sjáum það í rannsókninni *Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi* (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2011) sem ég stend fyrir.

Líðan, sjálfsmýndir og hegðun - þáttur foreldra

Ég vil nefna fleiri hvetjandi niðurstöður úr langtímarannsókninni *Samskipti, áhættu-hegðun og styrkleikar ungs fólks* þegar við veltum fyrir okkur góðu veganesti fyrir börn og ungmenni út í lífið. Ég nefndi áðan mikilvægi þess að hlúa að góðri líðan ungmenna og styrkja sjálfsmýnd þeirra, eins og sjálfstraust og trú á eigin sjálfstjórn. Við samstarfsfólk mitt höfum skoðað hvernig uppeldisaðferðir foreldra geta tengst þessum þáttum allt frá 14 ára aldri til 22 ára aldurs. Sömuleiðis höfum við skoðað vímuefnaneyslu ungmennanna og námsgengi á sama hátt.

Sú almenna niðurstaða rannsóknarinnar kom fram að þau 14 ára ungmenni sem upplifðu foreldra sína sem leiðandi, það er að þeir virði hugmyndir þeirra og tilfinningar, hvetji þau og styðji, tjáðu betri líðan en önnur ungmenni. Nánar tiltekið sýndu þessi ungmenni betri líðan ekki aðeins þegar þau voru 14 ára gömul heldur einnig átta árum síðar, þegar þau voru orðin 22 ára.

Svipaðar niðurstöður komu fram þegar sjálfstraust þeirra var skoðað og trú þeirra á eigin sjálfstjórn. Ungmennin sýndu meira sjálfstraust og trú á eigin sjálfstjórn, ekki aðeins þegar þau voru 14 ára gömul heldur einnig átta árum síðar, þegar þau voru orðin 22 ára, ef þau töldu sig búa við leiðandi uppeldi við 14 ára aldur.

Við sjáum fleiri niðurstöður af þessum toga í langtímarannsókninni. Þau 14 ára ungmenni sem upplifðu foreldra sína sem leiðandi voru ólíklegri til að neyta áfengis í óhófi á unglingsárum og að hafa prófað hörð fíkniefni eins og kókaín og amfetamín þegar þau voru orðin 22 ára. Við sjáum einnig að þau sýndu betri námsárangur á samræmdum prófum ári síðar í íslensku og stærðfræði í 10. bekk og þau voru jafnframt líklegri til að hafa lokið framhaldsskólaprófi þegar þau voru orðin 22 ára.

Þetta eru mikilvægar niðurstöður og þær ættu að hvetja foreldra til að huga vel að samskiptum sínum við börn sín. Samskiptahæfni, líðan, sjálfstraust og trú á eigin sjálfstjórn eru allt þættir sem við vitum að mikilvægt er að styrkja og efla með börnum og ungmennum, bæði þegar við lítum til daglegs lífs þeirra og framtíðar. Ekki þarf heldur að fara mörgum orðum um að vímuefnaneysla og námsgengi geta verið áhættuþættir í lífi fólks, haft áhrif á hvernig því vegnar. Vímuefnaneysla ungmenna hefur löngum valdið foreldrum, aðstandendum og samfélaginu áhyggjum vegna fylgikvilla hennar.

Við verðum þó að sjálfsgöðu að hafa í huga að ekki er tryggt að ungmenni sýni þennan þroska og þessa líðan og hegðun þótt þau búi við leiðandi uppeldisaðferðir. Við erum hér að tala um líkur. Margt annað getur haft áhrif, bæði þættir í umhverfinu og erfðafræðilegir þættir. Barn getur verið kvíðið og ungmenni getur glímt við vímuefnafíkn þótt það búi við ákjósanlegar aðstæður heima fyrir. Almenna mynstrið er þó að vænlegast sé að nota leiðandi uppeldisaðferðir.

Að efla foreldra í uppeldishlutverki sínu

Fyrir flestu fólki liggur að verða foreldrar og ljóst er að uppeldi barna og ungmenna er að mörgu leyti flóknara nú en á fyrri tímum. Færri kynslóðir eru á heimilinu, fleiri fjölskyldur eru samsettar, meðal annars vegna sambúðarslita, hátt hlutfall bæði karla og kvenna vinnur utan heimilis hér á landi og við erum í hópi þeirra þjóða sem eiga mörg börn.

Ég er mjög hugsi yfir því hve uppeldislutverk foreldra fær litla athygli í samfélaginu. Kennarar og annað fagfólk sem vinnur með börnum og ungmennum menntar sig til þeirra starfa; það fer í margra ára háskólanám. Mér finnst því skjóta nokkuð skökku við að ekki skuli vera lögð meiri áhersla á að styrkja foreldra í samskiptum sínum við börn sín með fræðslu og ráðgjöf. Sú ráðgjöf þarf meðal annars að snúast um heppilegar uppeldis-aðferðir, aðferðir sem stuðla ekki aðeins að líkamlegu heilbrigði barnanna heldur einnig andlegu heilbrigði þeirra og margvíslegum þroska.

Einn liður í því að styðja foreldra er að skapa þeim tækifæri til að líta í eigin barm og skoða þau gildi sem þeir vilja rækta með börnum sínum og þær leiðir sem þeir kjósa til að vinna að uppeldismarkmiðum sínum. Stöku námskeið hafa verið í boði með áherslu á samskipti foreldra og barna en gæta verður þess að ná til allra foreldra, þar á meðal foreldra sem standa höllum fæti í samfélaginu. Þar er vandinn gjarnan mestur.

Í þessu samhengi vil ég nefna að á Menntavísindasviði höfum við farið af stað með nýja námsleið í framhaldsnámi til M.A.-gráðu undir heitinu: Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, þar sem markmiðið er að búa fagfólk undir að vinna með foreldrum. Þetta er skref í rétta átt en að sjálfsögðu þarf meira að koma til við að efla foreldrahæfni. Ég kalla því eftir að athyglinni verði beint í ríkari mæli að því að styrkja foreldra og fjölskyldur í mikilvægu uppeldislutverki þeirra.

Börn og ungmenni þurfa að læra að vera virkir borgarar, það er ekki meðfætt

Ekki ætti að koma á óvart í ljósi þess sem ég hef þegar sagt að mér finnst eitt brýnasta verkefnið í menntamálum ríkja vera að efla samskiptahæfni ungs fólks, siðferðiskennd þess og um leið lýðræðislega borgaravitund.

Á þessari öld hefur mikið verið fjallað á Vesturlöndum og víðar um þörfina fyrir að efla virka þátttöku og borgaravitund barna og ungmenna í samfélaginu. Þau átti sig á og skilji hvað það þýðir að vera borgari með þeim lýðréttindum, skyldum og ábyrgð sem því fylgir. Þau rækti með sér gildi og gjörðir sem eru mikilvæg til að viðhalda lýðræðisþjóðfélögum og þróa þau. Lögð er áhersla á að þau hafi rödd; þau læri að hafa áhrif og bera ábyrgð með því að fást við verkefni í daglegu lífi sínu sem krefjast slíkrar hæfni. Það nægi ekki að kenna um lýðræði, það er í hverju lýðræði felst, heldur þurfi að læra í umhverfi sem er lýðræðislegt: á heimilinu, í skólanum og samfélaginu. Þau þurfi að öðlast reynslu og færni til að hafa áhrif og læra þannig til lýðræðis. Í menntastefnu mennta- og menningarmála-ráðuneytisins kemur þessi áhersla fram í grunnþættinum lýðræði og mannréttindum.

Ýmislegt jákvætt hefur verið gert til að virkja ungmenni til þátttöku í samfélaginu. Þau sinna ýmsum sjálfboðaliðastörfum og ungmennaping eru haldin. Þá eru starfrækt ungmennaráð í flestum sveitarfélögum og á vegum ýmissa samtaka og stofnana svo sem hjá UNICEF og Barnaheillum. Einstaka skólar leggja einnig áherslu á þennan þátt allt frá leikskólastigi. Ég held þó að almennt megi taka fastar á því í skóla- og frístundastarfi að ná til allra barna og ungmenna með það að markmiði að efla borgaravitund þeirra. Börn og ungmenni þurfa að læra að vera virkir borgarar, það er ekki meðfætt. Um leið geri ég mér grein fyrir því að umfjöllun um félagslega, tilfinningalega og siðferðilega þætti mannlífsins, sem er ein undirstaða borgaravitundar, er ekki auðveldasta viðfangsefnið í skóla- og frístundastarfi. Mér finnst þó æ meira knýjandi að taka á slíkum viðfangsefnum eftir

Því sem þjóðfélagið verður flóknara og fjölbjóðlegra og heimurinn minnkar. Við stöndum frammi fyrir svo mörgum og miklum áskorunum á heimsvísu.

Við höfum lög og námskrár þar sem kveðið er meðal annars á um að vinna skuli að því að efla samskiptahæfni barna og unglinga, siðferðiskennd þeirra og borgaravitund í lýðræðisþjóðfélagi okkar. Eigi að þróa skóla- og frístundastarf og efla gæði þess á þessu sviði er slíkur pólitískur vilji stjórnvalda og fræðslufirvalda í hverju sveitarfélagi mikilvægur en hann nægir ekki einn og sér. Sérstök yfirlýsing fræðslufirvalda í sveitarfélaginu þarf að vera fyrir hendi til að hvetja fagfólk í skóla- og frístundastarfi til að sinna þessum þætti og aðstoða þarf það við að framkvæma þá menntastefnu. Ég er með öðrum orðum að tala um að skapa þurfi fagfólkinu aðstæður til að styrkja sig í starfi með börnum og ungmennum á þessu sviði. Það þarf auðvitað líka að tryggja þessar áherslur í kennaramenntun og efla þar sérhæfingu og leiðtogaþæfni.

Lærdómssamfélag í skóla- og frístundastarfi

Mig langar til að koma nánar að þessu. Eins og við vitum eru kennarar og annað fagfólk í skóla- og frístundastarfi lykilaðilar í því að skipuleggja uppbyggjandi og merkingarþæra reynslu fyrir nemendur sína. Hafa þarf hugfast að litlar framfarir verða í innra starfi skólans ef tilraun til breytinga í skólanum er kennaranum ekki merkingarþæra. Þessu má aldrei gleyma. Hlusta verður á innsæi kennara, þekkingu þeirra og reynslu þegar þróa á og breyta kennslu og vinna að framförum í menntakerfinu. Þetta á við um allt skólastarf, þar á meðal þegar unnið er að því að efla borgaravitund nemenda. Í þessu mikilvæga hlutverki þurfa kennarar stuðning. Vænleg leið er að skapa lærdómssamfélag í skólum þar sem kennarar fá tækifæri til að efla sig og vaxa í starfi. Sama á að sjálfsögðu við í frístundastarfinu.

Hér byggji ég ekki síst á reynslu minni af samstarfi við skólastjóra og kennara í skólaþróunarverkefninu sem ég nefndi áðan og fór af stað með árið 1989, *Hlúð að félags- og tilfinningaþroska nemenda*. Ég lagði verkefnið þannig upp að við kennararnir lærðum saman. Á kvöldfundum okkar, sem voru á tveggja til þriggja vikna fresti yfir veturinn, ræddum við mikilvægi og markmið verkefnisins og hvernig mætti ná þeim markmiðum.

Í bekkjarstarfinu með nemendum lögðu kennararnir áherslu á að rækta virðingu og traust, samábyrgð og samkennd. Sérstök áhersla var lögð á að fá nemendur til að setja sig í spor annarra, greina að ólík sjónarmið og samræma þau. Fyrir hvert viðfangsefni sem kennararnir tóku fyrir svöruðu þeir skriflega spurningum um hver markmið þeirra væru og hvers vegna þeim þætti mikilvægt að stefna að þeim. Einnig lýstu þeir því hvernig þeir ætluðu að ná þeim markmiðum. Eftir kennsluna svöruðu þeir spurningum um hvað hefði gengið vel og hvers vegna, hvað hefði ekki gengið eins vel og hvers vegna og hvað mætti gera betur næst. Við ræddum síðan reynslu þeirra á fundum okkar. Ég tók jafnframt viðtöl við alla kennarana um sýn þeirra á starfið strax í upphafi verkefnisins og aftur þegar leið á og síðan í lok þess. Þannig rýndu kennararnir í eigin rann með það að markmiði að styrkja sig og vaxa í starfi. Þeir lærðu auðvitað mest af því að ræða saman og bera saman bækur sínar. Ég nefni þetta sérstaklega af því að ég tel sjálfskoðun kennara og slíkt lærdómssamfélag vera afar mikilvægt til að ná árangri í skólastarfi. Það kom greinilega fram í þessu skólaþróunarverkefni. Ýmsar aðrar rannsóknir styðja það einnig. Í svona krefjandi starfi

skiptir einnig miklu að eiga bandamann, starfsfélaga sem hægt er að deila hugsjónum sínum með, ræða þær og framkvæmd þeirra frá margvíslegum hliðum; deila sigrum og ósigrum og ígrunda saman. Jafnframt sá ég hvað góð samvinna á milli kennara og á milli kennara og skólastjórnenda réð miklu um það hvernig skólaþróunarverkefnið gekk fyrir sig og þann árangur sem náðist. Í bókinni *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar* (2007) lýsi ég þessu starfi með kennurunum og gef mörg dæmi um hvernig þeim fannst þeir eflast í starfi og ná árangri með nemendum sínum.

Jónas Pálsson, sálfræðingur og fyrrverandi rektor Kennaraháskóla Íslands, benti einmitt á mikilvægi rannsókna kennara á eigin starfi í tengslum við sérhæfingu þeirra og komst svo að orði (1983, bls. 134): „Ein meginforsenda þess að kennarar geti talist gegna sérhæfðu og skuldbundnu lífsstarfi er að mínu mati lágmarkshæfni þeirra til að „rannsaka“ verkefni sín og störf sem fræðarar og uppalendur.“

Mér finnst fagnaðarefni að sjá að víða er nú hugað að því að skapa lærdómssamfélag í skólum þar sem breytingastarf fer af stað. Slíkt samfélag er liður í því að efla faglega sjálfsmynd kennara, hvernig þeir líta á sjálfa sig sem kennara, hvað þeir vilja standa fyrir í starfi sínu og hvernig þeir vinna að því að efla og þroska nemendur. Með því ætti sjálfsvirðing þeirra og virðing annarra fyrir starfi þeirra jafnframt að styrkjast, sem er svo mikilvægt.

Uppeldis- og menntasýn

Ég lærði mikið af þessu skólaþróunarverkefni með kennurunum og skólastjórnendum. Eftir nokkurra ára starf með þeim áttaði ég mig á að ég var komin með mikil gögn í hendur um sýn þeirra og reynslu, sem byggðust á viðtölunum við þá, skýrslum þeirra og heimsóknnum til þeirra í bekkjarstarfið. Upp úr þessum gögnum spratt rannsókn mín á uppeldis- og menntasýn kennara og skólastjórnenda.

Ég setti fram greiningarlíkanið *Menntasýn* þar sem ég dró fram þau gildi sem kennararnir vildu rækta með nemendum, markmið þeirra með því að vinna með þessi viðfangsefni og þær kennsluáferðir sem þeir kusu að nota til að ná markmiðum sínum. Ég dró einnig fram hvaða þættir í lífssögum þeirra höfðu áhrif á sýn þeirra á uppeldi og menntun. Í viðtölunum við hvern þeirra yfir skólaárið var einnig afar áhugavert að fylgjast með því hvernig sýn þeirra á starfið vikkaði og dýpkaði. Einn þeirra orðaði það svo: „Mér fannst ég fá nýja sýn“ og lýsti síðan í hverju sú sýn fólst. Aftur vísa ég í bókina *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar* (2007) þar sem ég dreg þetta fram.

Óhætt er að segja að menntasýn kennara og skólastjórnenda – gildi þeirra, markmið, starfshættir – og ástríða þeirra fyrir starfi sínu skiptir miklu máli fyrir farsælt skólustarf og í víðara samhengi í menntabreytingum. Ég verð uppteknari með hverju árinu af mikilvægi þess fyrir uppalendur – okkur öll – að rýna í eigin rann. Þæla í hvað okkur finnst mikilvægt í uppeldi og menntun, hver þau gildi eru sem okkur þykir mikilvægt að rækta með börnum og ungmönnum og hvernig við ætlum að vinna að þeim. Í bókinni *Lífssögur ungs fólks* (2019) dreg ég meðal annars fram uppeldissýn unga fólksins sem ég fylgdi eftir frá því að það var á 16. ári þar til það var komið á fertugsaldur og orðið foreldrar. Þar kemur greinilega fram hvað reynsla á bernskuheimilinu hafði mikil áhrif á uppeldissýn þess.

Ég hef hvatt nemendur mína á Menntavísindasviði til að rýna í eigin rann og skoða uppeldissýn sína. Einnig foreldra og annað fagfólk í skóla- og frístundastarfi sem

ég vinn með. Við sem menntum fólk sem ætlar að vinna með börnum og ungmennum þurfum að sjálfsögðu einnig að huga að uppeldis- og menntasýn okkar.

Ákall og áskoranir

Ákallið í mínum huga er áhersla á að rækta mennskuna með börnum og ungmennum heima fyrir og í skóla- og frístundastarfi, þeim sjálfum til heilla og samfélaginu, bæði í samtíð og þegar til framtíðar er litið. Mikilvægur þáttur þeirrar ræktunar er að efla félagslegan, siðferðilegan og tilfinningalegan þroska barna og ungmenna og styrkja sjálfsmynd þeirra. Þannig leggjum við meðal annars grunn að því að efla borgaravitund þeirra og virka þátttöku í samfélaginu og á heimsvísu.

Við höfum lög, námskrár og menntastefnur sveitarfélaga um þetta markmið í skóla- og frístundastarfi. Svo er spurning hvernig unnið er á vettvangi við að ná þessum markmiðum. Í fyrsta lagi þarf að efla foreldra og fjölskyldur í ríkari mæli í mikilvægu uppeldis- hlutverki þeirra; skapa þeim aðstæður til að efla uppeldissýn sína og samskipti við börn sín. Í öðru lagi þarf að veita fagfólki í skóla- og frístundastarfi tækifæri og aðstæður til að þróa áfram starf sitt og vaxa í starfi; aðstæður sem styrkja menntasýn þess og skila sér í vinnu þeirra með börnum og ungmennum. Það þarf jafnframt að tryggja þær áherslur í menntun þessa fagfólks eins og í kennaramenntun. Í þriðja lagi þarf að efla virðingu í samfélaginu fyrir þeim starfsstéttum sem gegna miklu ábyrgðarhlutverki við uppeldi og menntun æskunnar. Þar á ég ekki síst við virðingu fyrir fagfólki í skóla- og frístundastarfi. Margt er vel gert. Mér finnst hugur í fagfólki á þessu sviði um þessar mundir og víða mikil gróska. Umræða um mikilvægi kennarastarfsins er einnig jákvæðari nú en verið hefur um langt skeið, sem er sérstakt gleðiefni. Við þurfum að halda áfram á sömu braut.

Ákallið er til okkar allra um samvinnu og samábyrgð og samtakamátt: foreldra og fjölskyldna, fagfólks og fræðimanna, sveitarfélaga og stjórnvalda. Enginn einn hópur getur fundið vænlegustu svörin og lausnirnar á þeim brýnu verkefnum sem við blasa í uppeldi og menntun barna og ungmenna. Ég er bjartsýn á samtakamáttinn og segi oft og geri það líka hér að ég bind vonir við að 21. öldin verði gullöldin í ræktun mennskunnar.

HEIMILDIR

Jónas Pálsson. (1983). Störf kennara í grunnskólum. Í Sigurjón Björnsson (ritstjóri), *Athöfn og orð: Afmælisrit helgað Matthíasi Jónassyni* (bls. 115–136). Reykjavík: Mál og menning.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (1977a). *Komdu í leit um bæ og sveit 1: Nemendabók*. Reykjavík: Ríkisútgáfa námsbóka.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (1977b). *Komdu í leit um bæ og sveit 1: Kennsluleiðbeiningar*. Reykjavík: Ríkisútgáfa námsbóka.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar.

- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2011). *Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi*. Reykjavík: Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna: Félagsvísindastofnun: Menntavísindastofnun Háskóla Íslands.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2019). *Lífssögur ungs fólks: Samskipti, áhættuhegðun, styrkleikar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Turkle, S. (2016). *Reclaiming conversation: The power of talk in a digital age*. New York: Penguin.

UM HÖFUNDINN

Björg Guðlaugsdóttir (bjg32@hi.is) lauk B.A.-prófi í uppeldis- og menntunarfræði frá Háskóla Íslands árið 2016. Hún leggur nú stund á meistaranám í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands og starfar sem aðstoðarframleiðandi á fréttastofu RÚV. Helstu faglegu áhugamál hennar eru fjölmiðlar, hlutverk þeirra og þau áhrif sem þeir geta haft, en ekki síður uppeldi, menntun og mannlegt eðli. Þessi tvö áhugamál hefur hún fléttað saman í námi sínu þegar það hefur átt við.